



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

ÖNNUR AÐALDEILD

MÁLID ARNARSON gegn ÍSLANDI

(Kæra nr. 58781/13)

DÓMUR

STRASBORG

13. júní 2017

Dómur þessi verður endanlegur með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 44. gr. samningsins. Texti hans kann að sæta ritstjórnarbreytingum.

Í málinu Arnarson gegn Íslandi

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fyrsta aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Julia Laffranque, *forseta*,
Robert Spano,
Işıl Karakaş,
Nebojša Vučinić,
Paul Lemmens,
Valeriu Griţco,
Stéphanie Mourou-Vikström, *dómurum*,

og Hasan Bakırcı, *aðstoðardeildarritara*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 23. maí 2017,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag er síðast greinir:

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 58781/13) sem Ólafur Arnarson („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi á grundvelli 34. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („mannréttinasáttmálans“) hinn 21. ágúst 2013.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Gunnar Ingi Jóhannesson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi, með vísan til 10 gr. mannréttinasáttmálans, að dómur héraðsdóms frá 29. nóvember 2012, sem honum hefði verið synjað um leyfi til áfrýjunar af hálfu Hæstaréttar 25. febrúar 2013, fæli í sér afskipti af rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans, sem ekki bæri nauðsyn til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

4. Kæran var send ríkinu 20. nóvember 2015.

MÁL SATVIK

I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi er fæddur 1963 og búsettur í Garðabæ. Á þeim tíma sem um ræðir var hann blaðamaður og lausráðinn fréttaritari fréttaveitunnar Pressunnar.

6. Landssamband íslenskra útvegsmanna (hér eftir „LÍÚ“) var málsvari útvegsmanna á Íslandi og stóð vörð um sameiginlega efnahagslega, fjárhagslega, lagalega, tæknilega og félagslega hagsmuni þeirra.

7. Kærandi taldi að einkavefsíða, B, væri að birta nafnlausar færslur þar sem stöðugt væri haldið á lofti málstað LÍÚ og gert lítið úr fólki sem talaði gegn samtökunum.

8. 21. júlí 2010 birtist í dagblaðinu DV grein varðandi orðróm um að LÍÚ veitti vefsíðu B fjárstuðning. Var því haldið fram að stuðningurinn næmi 1.500.000 krónum (kr.) á mánuði. Í greininni var ekki minnst á framkvæmdastjóra LÍÚ (hér eftir „A“).

9. Sama dag birti kærandi grein í Pressunni undir fyrirsögninni „LÍÚ borgar 20 milljónir fyrir ósómamann“ og vísaði til greinarinnar í DV. A sendi stutta athugasemd til Pressunar þess efnis að LÍÚ hefði ekki stutt vefsíðu B. Athugasemdin var birt í Pressunni 23. júlí 2010.

10. 24. júlí 2010 birti kærandi grein í Pressunni þar sem hann svaraði yfirlýsingu A. Í greininni var sagt að A yrði að gera betur en að neita því einungis að beinar greiðslur hefðu runnið til vefsíðu B og að LÍÚ, undir stjórn A, bæri ábyrgð á þeim nafnlausu óhróðri sem birtist á vefsíðu B. Ennfremur lýsti kærandi efasemdum um hvort sómakærir forráðamenn aðildarfyrirtækja LÍÚ sættu sig við að fjármunum samtakanna væri komið eftir krókaleiðum til slefbera eins og aðstandenda vefsíðu B.

11. 26. júlí 2011 birti kærandi þriðju grein um málið í Pressunni. Í greininni var sagt að LÍÚ styddi að sögn vefsíðu B um 20 milljónir króna á ári gegnum fyrirtæki í eigu [Y], sem einnig væri eigandi vefsíðu B. Ennfremur var sagt í greininni að kæranda væri kunnugt um að ekki vissu allir stjórnarmenn LÍÚ af stuðningi samtakanna við óhróðurinn á vefsíðu B, enda væru greiðslurnar vel dulbúnar í reikningum samtakanna.

12. Þá var því haldið fram í greininni að kæranda hefði verið sagt að mögulega vissi enginn í stjórn LÍÚ um milljóna stuðning samtakanna við nafnlaus níðskrif á vefsíðu B og að A hefði einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti. Kærandi bætti því við að hann hefði ekki fengið staðfestingu á síðustu ummælunum. Við hlið texta greinarinnar var birt mynd af A.

13. Hinn 28. desember 2011 höfðaði A meiðyrðamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness gegn kæranda og krafðist þess að eftirfarandi ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk:

„A. LÍÚ, undir stjórn [A], situr uppi með það að bera ábyrgð á ósómamann, sem birtur er í skjóli nafnleyndar á slefritinu [vefsíðu B]

B. Svo er það spurning, hvort sómakærir forráðamenn aðildarfyrirtækja LÍÚ sætta sig við að fjármunum samtakanna sé komið eftir krókaleiðum til slefbera eins og aðstandenda [vefsíðu B]

C. LÍÚ ku styðja [vefsíðu B] um næstum 20 milljónir á ári í gegnum félög í eigu [Y]

D. Mér er kunnugt um, að einhverjir stjórnarmenn LÍÚ vita ekki af stuðningnum við fugladritið á [vefsíðu B] enda munu greiðslurnar vera vel dulbúnar í reikningum samtakanna. Því hefur verið haldið fram við mig að mögulega viti enginn í stjórn LÍÚ um milljóna stuðning samtakanna við nafnlaus níðskrif á [vefsíðu B] – að

framkvæmdastjórinn hafi einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti.“

14. Með dómi, sem kveðinn var upp 29. nóvember 2012, komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að einungis ein af ummælunum, þ.e. ummælin í D-lið hér að framan, teldust ærumeiðandi og var kæranda gert að greiða A 300.000 kr. (u.þ.b. 2.500 evrur (EUR)) í miskabætur samkvæmt skaðabótalögum ásamt vöxtum og 450.000 kr. (u.þ.b. 3.750 EUR) í málskostnað fyrir héraðsdómi. Voru ummælin dæmd dauð og ómerk.

15. Í dóminum var m.a. að finna eftirfarandi rökstuðning:

„... [A] er framkvæmdastjóri Lands sambands íslenskra útvegsmanna eða LÍÚ eins og samtökin eru nefnd í daglegu tali og hefur hann gengt því starfi í tæp 12 ár. Hluti af starfi stefnanda felst m.a. í því að taka þátt í opinberri umræðu um sjávarútvegsmál og koma á framfæri sjónarmiðum og stefnumarkmiðum LÍÚ.

...

Á undanförnum árum hafa farið fram miklar umræður um kosti og galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Um skipan þess kerfis eru skiptar skoðanir í þjóðfélaginu enda um mikið hagsmunamál að ræða, en sjávarútvegurinn er ein helsta og mikilvægasta undirstöðuatvinnugrein landsins. [A] hefur starfs síns vegna komið opinberlega fram fyrir hönd LÍÚ og kynnt sjónarmið samtakanna. Stefndi sem skrifar reglulega um ýmis þjóðfélagsmál hefur fjallað um fiskveiðistjórnunarkerfið í skrifum sínum og gagnrýnt ákveðna þætti þess.

...

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. sömu greinar er svo fyrir mælt að hver maður eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Sambærileg ákvæði eru í 10. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Í máli þessu vegast því á framangreind grundvallarákvæði um tjáningarfrelsi og ákvæði um friðhelgi einkalífs.

...

Að mati dómsins eiga eftirtalin ummæli beint við [A]: „Mér er kunnugt um, að einhverjir stjórnarmenn LÍÚ vita ekki af stuðningnum við fugladritið á [vefsíðu B] enda munu greiðslurnar vera vel dulbúnar í reikningum samtakanna. Því hefur verið haldið fram við mig að mögulega viti enginn í stjórn LÍÚ um milljóna stuðning samtakanna við nafnlaus niðskrif á [vefsíðu B] – að framkvæmdastjórinn hafi einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti.“ Af hálfu [kæranda] er því heldur ekki haldið fram að ummælin eigi ekki við stefnda en sýknukrafa hins vegar byggð á því að með ummælunum sé ekki verið að gefa í skyn refsiverða háttsemi [A] og jafnframt á því byggt að ekki sé um fullyrðingu stefnda að ræða en hann hafi tekið fram [í greininni] að hann hefði ekki fengið staðfestingu á því að efni ummællanna væri rétt.

Við mat á því hvort í ummælunum felist aðdróttun um refsiverða háttsemi og meiðyrði verður ekki byggt á því hvernig ummælin horfa við [kærandi] heldur hvernig ætla má að lesendur ummællanna skynji þau og túlki. Með ummælum um að greiðslur til [vefsíðu B] hafi verið dulbúnar í reikningum samtakanna þykir gefið í skyn að [A], sem ber ábyrgð á reikningum LÍÚ sem framkvæmdastjóri samtakanna láti það viðgangast að beitt sé bókhaldsblekkingum til að leyndu meintum stuðningi við [vefsíðu B]. [Kærandi] hefur ekki fært neinar sönnur fyrir þessum ummælum og teljast staðhæfingarnar því ósannaðar.

Síðasta hluta ummællanna þar sem segir: „Því hefur verið haldið fram við mig að mögulega viti enginn í stjórn LÍÚ um milljóna stuðning samtakanna við nafnlaus niðskrif á [vefsíðu B] – að framkvæmdastjórinn hafi einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti“ þykir að mati dómsins mega skilja sem aðdróttun um umboðssvik og vanrækslu í starfi þar sem að með þeim sé gefið í skyn að [A] ráðstafi fjármunum LÍÚ í andstöðu við vilja stjórnar samtakanna og þá án heimildar. [Kærandi] hefur ekki sýnt fram á að ummælin séu sönn en fyrir því ber hann sönnunarbyrði.

Framangreind ummæli þykja vera meiðandi fyrir [A] og til þess fallin [að] svarta mannorð hans og æru. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber því fallast á ómerkingu framangreindra ummæla.“

16. Kærandi óskaði leyfis til þess að áfrýja dóminum til Hæstaréttar og var þeirri ósk hafnað 25. febrúar 2013.

II. TILVÍSUN TIL LAGA

17. Viðeigandi ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, almennra hegningarlaga og skaðabótalaga eru tilgreind í málinu *Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 3), nr. 54145/10, 18.-22. gr., 2. júní 2015.

18. 51. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, er svohljóðandi:

51. gr.

„Ábyrgð á ritefni.

Ef ritefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskrri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskrri lögsögu á öðrum grundvelli.

b. Kaupandi viðskiptaþóða, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni þeirra sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskrri lögsögu á öðrum grundvelli.

c. Í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í a- og b-lið bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu ábyrgð á því efni sem birt er.

Fjölmiðlaveita ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hennar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaveitu að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.“

LAGAATRÍÐI

I. MEINT BROTT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

19. Kærandi taldi að dómur héraðsdóms frá 29. nóvember 2012, sem Hæstiréttur hefði synjað honum um leyfi til áfrýjunar, hefði falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hans, sem ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi, og þar með brotið gegn 10. gr. sáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

20. Ríkið mótmælti þessum málatilbúnaði.

Meðferðarhæfi

21. Að mati dómstólsins er kærán ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum. Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

B. Málsástæður

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

22. Kærandi taldi að efni greinarinnar, hvernig samtök á borð við LÍÚ kysu að verja fé sínu til þess að kynna og standa vörð um hagsmuni sína, ætti erindi við almenning; um það hefði ekki verið deilt í málinu. Kærandi hélt ennfremur fram að A væri opinber persóna vegna starfs síns og kæmi

oft fram í opinberri umræðu, þar sem hann ræki erindi LÍÚ, sem væri stærstu hagsmunasamtök á Íslandi.

23. Kærandi bar að ummæli hans hefðu ekki verið fullyrðingar um staðreyndir, heldur gildisdómar þar sem slegnir hefðu verið nokkrir mikilvægir varnaglar. Héraðsdómur hefði ekki tekið þá til greina, né heldur lagt mat á greinina í heild. Í ummælum hans hefði ekki verið gefinn í skyn neinn óheiðarleiki af hálfu A, né heldur hefði verið dróttað að saknæmri háttsemi á nokkurn hátt, né heldur hefði verið hægt að skynja þau á þann veg. Ennfremur hefði héraðsdómur ekki gert neina tilraun til þess að skýra þá niðurstöðu sína að hinn almenni lesandi kynni að skynja hin umdeildu ummæli sem aðdróttun um að A hefði gerst sekur um saknæmt athæfi. Í þessu sambandi vísaði kærandi til málsins Hlynsdóttir gegn Íslandi, nr. 43380/10, 10. júlí 2012.

24. Kærandi taldi að Héraðsdómur hefði ekki byggt á þeim viðmiðum sem beitt væri af Mannréttindadómstólnum. Hann hefði birt ummæli sín í góðri trú og á grundvelli greinar sem birst hefði ári áður í dagblaðinu DV. Hann hefði ekki haft neina ástæðu til þess að ætla að upplýsingarnar væru rangar. Krafan um skýlausar sannanir fyrir ummælunum hefði sett honum ósanngjarnt og óvinnandi verk. Framsetning ummælanna hefði verið sanngjörn og aðferðina við birtingu þeirra væri á engan hátt hægt að túlka sem ásökun á hendur A um refsivert brot.

25. Kærandi taldi að bæturnar og kostnaðurinn, sem honum hefði verið gert að greiða, hefðu verið veruleg miðað við mánaðartekjur hans og því ekki hóflegar í ljósi þess markmiðs sem stefnt var að.

(b) Ríkið

26. Að mati ríkisins hefði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í þessu máli byggt á ríkri þjóðfélagslegri þörf og verið studd viðeigandi og fullnægjandi rökum, það er að segja verndun á mannorði og réttindum A. Hefðu aðgerðirnar verið hóflegar í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að. Ríkið taldi að héraðsdómur hefði í dómi sínum beitt viðmiðum sem samræmdust þeim meginreglum sem fælust í 8. og 10. gr. mannréttindasáttmálans eins og þær hafa verið túlkaðar í dómum Mannréttindadómstólsins.

27. Hélt ríkið því fram að ummælin sem kærandi hefði birt hefðu talist staðreyndir og að íslenskir dómstólar hefðu því haft aukið svigrúm til mats við takmörkunina á tjáningarfrelsi kæranda. Kæranda hefði ekki tekist að staðfesta ummæli sín og hefði hann því slegið nokkra varnagla í greininni. Engu að síður hefði hann valið að birta hana, sem að mati ríkisins benti til þess að hann hefði ekki verið í góðri trú.

28. Ríkið féllst á það með kæranda að umfjöllun um stjórnun fiskveiðikerfisins ætti erindi við almenning og væri liður í yfirstandandi opinberri umræðu á Íslandi. Hin umdeildu ummæli hefðu hins vegar ekki verið nauðsynlegt framlag til þeirrar umræðu.

29. Taldi ríki að bæturnar og kostnaðurinn sem kæranda hefði verið gert að greiða svöruðu til einkaréttarlegar ábyrgðar. Fjárhæðin hefði ekki verið sérlega þungbær fyrir kæranda og væri í fullu samræmi við viðurkennda framkvæmd íslenskra dómstóla. Ennfremur hefði kærandi ekki lagt fram nein gögn til sönnunar á því að hann hefði greitt fjárhæðina að fullu.

2. Álit dómstólsins

(a) Hvort um afskipti hafi verið að ræða

30. Óumdeilt er milli aðila að hinn umdeildi dómur hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af tjáningarfrelsi kæranda, sem tryggt er samkvæmt 1. mgr. 10. gr. [mannréttindasáttmálans].

(b) Hvort þau hafi verið samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og haft lögmætan tilgang

31. Ennfremur er óumdeilt að hin umdeilda ráðstöfun hafi átt stoð í 235. og 241. gr. almennra hegningarlaga, 51. mgr. 15. gr. fjölmiðlalaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og hafi haft lögmætan tilgang, þ.e. að vernda mannorð og réttindi A.

Hvort afskiptin hafi verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi

(i) Meginreglur

32. Meginreglurnar varðandi það álitaefni hvort afskipti af tjáningarfrelsi séu „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“ eru vel þekktar í réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi* [GC], nr. 64569/09, 131. til 132. gr., ECHR 2015, með frekari tilvísunum). Ennfremur hefur Mannréttindadómstóllinn fjallað um greinarmuninn sem gerður er á internetinu sem upplýsinga- og samskiptatæki, og prentmiðlum (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi*, 133. gr., sjá hér að framan, *Węgrzynowski og Smolczewski gegn Póllandi*, nr. 33846/07, 58. gr., 16. júlí 2013, *Ritstjórn Pravoye Delo og Shtekel gegn Úkraínu*, nr. 33014/05, 63. gr., ECHR 2011 (útdrættir) og *Times Newspapers Ltd gegn Bretlandi* (nr. 1 og 2), nr. 3002/03 og 23676/03, 27. gr., ECHR 2009).

33. Þar sem Mannréttindadómstóllinn hefur í fjölmörg skipti þurft að fjalla um deilumál þar sem nauðsynlegt er að ígrunda sanngjarnt jafnvægi milli réttarins til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. og tjáningarfrelsis, hefur dómstóllinn þróað almennar meginreglur sem eiga rætur í ríkulegum dómafordæmum á þessu sviði (sjá m.a. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi* [GC], nr. 40454/07, 83.-93. gr., ECHR 2015 (útdrættir)).

34. Sér í lagi er minnt á að til þess að 8. gr. komi til álita þarf atлага gegn æru manns að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að

hún hafi í för með sér skerðingu á rétti manns til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Þau viðmið sem til álita koma þegar rétturinn til tjáningarfrelsis er veginn á móti réttinum til friðhelgi einkalífs eru: erindi í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi er og hvert sé efni fréttarinnar, fyrra athæfi viðkomandi, aðferðin við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning og afleiðingar birtingarinnar og þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð eru (sjá t.d. *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* [GC], nr. 39954/08, 83. og 89.-95. gr., 7. febrúar 2012 og *Von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2)* [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 108.-113. gr., ECHR 2012).

35. Loks ítrekar dómstóllinn að þegar innlend yfirvöld hafa vegið þá hagsmuni sem um ræðir í samræmi við viðmið í dómum Mannréttindadómstólsins þarf veigamikil rök til þess að dómstóllinn setji sjónarmið sín í stað sjónarmiða landsdómstólanna (sjá *Bédat gegn Sviss* [GC], nr. 56925/09, 54. mgr., ECHR 2016).

(ii) *Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál*

36. Af hálfu dómstólsins er því veitt athygli, eins og tekið er fram af héraðsdómi í dómi réttarins frá 29. nóvember 2012, að hin umdeildu ummæli í greininni sem birtist í Pressunni fólu í sér aðdróttun um að A hefði gerst sekur um bókhaldsblekkingar, umboðssvik og vanrækslu í starfi. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að vefengja það mat héraðsdóms að staðhæfingarnar hafi verið ærumeiðandi.

37. Dómstóllinn fellst á að atlagan að æru A hafi náð því alvarleikastigi og að framsetning hennar hafi skert rétt A til þess að njóta friðhelgi einkalífs að því marki að það varðaði við 8. gr. mannréttindasáttmálans (sjá m.a. *A gegn Noregi*, nr. 28070/06, 64. gr., 9. apríl 2009). Í þessu sambandi er vakin athygli á því að í ljósi aðgengileika Internetsins og getu þess til þess að varðveita og koma á framfæri gríðarlegu magni upplýsinga gegnir netið mikilvægu hlutverki í að bæta aðgengi almennings að fréttum og greiða fyrir miðlun upplýsinga almennt. Að sama skapi er hættan á skaðsemi af völdum efnis og samskipta á netinu fyrir möguleika fólks til að nýta sér og njóta mannréttinda og mannfrelsis, einkum og sér í lagi réttarins til friðhelgi einkalífsins, sannarlega meiri en sú sem stafar af fjölmiðlum (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi*, 133. mgr., sjá tilvísun hér að framan).

(a) *Erindi í almenna þjóðfélagsumræðu*

38. Í dómi sínum frá 29. nóvember 2012 segir héraðsdómur: „Á undanförunum árum hafa farið fram miklar umræður um kosti og galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Um skipan þess kerfis eru skiptar skoðanir í þjóðfélaginu enda um mikið hagsmunamál að ræða, en sjávarútvegurinn er ein helsta og mikilvægasta undirstöðuáttvinnugrein landsins. [A] hefur starfs síns vegna komið opinberlega fram fyrir hönd LÍÚ og kynnt sjónarmið samtakanna. Stefndi sem skrifar reglulega um ýmis

Þjóðfélagsmál hefur fjallað um fiskveiðistjórnunarkerfið í skrifum sínum og gagnrýnt ákveðna þætti þess.“ Þannig tók héraðsdómur með fullnægjandi hætti mið af því að efni hinnar umdeildu greinar hafi sem slíkt átt erindi við almenning. Dómstóllinn veitir því athygli að ríkið vefengdi ekki þá niðurstöðu (sjá 28. mgr. hér að framan).

(β) *Hversu vel þekktur viðkomandi er, efni fréttarinnar og háttsemi A fyrir birtingu hinnar umdeildu greinar*

39. Dómstóllinn veitir því athygli að efni fréttarinnar var grunur um refsiverða háttsemi af hálfu A (sjá 36. mgr. hér að framan). Að því er varðar hvort A hafi verið vel þekktur og fyrri háttsemi hans, tók héraðsdómur fram að A væri framkvæmdastóri LÍÚ. Hluti af starfi hans hefði m.a. falist í því að taka þátt í opinberri umræðu um sjávarútvegsmál og koma á framfæri sjónarmiðum og stefnumarkmiðum LÍÚ. Ennfremur hefði A starfs síns vegna komið opinberlega fram fyrir hönd LÍÚ og kynnt sjónarmið samtakanna.

40. Í ljósi niðurstöðu héraðsdóms, að A hefði verið reglulegur þátttakandi í þjóðfélagslegri umræðu um mál sem erindi átti við almenning, hljóta mörk ásættanlegrar gagnrýni að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi (sjá *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi*, 117.-123. mgr., *sjá tilvísun hér að framan*). Engu að síður, þótt frétttaflutningur um sannar staðreyndir um einkalíf stjórnmálamanna eða annarra opinberra persóna kunni að eiga rétt á sér við tiltekna aðstæður eiga jafnvel persónur sem kunnar eru almenningi, eins og A, réttmætar væntingar um verndun einkalífs síns og virðingu fyrri því (sjá *Standard Verlags GmbH gegn Austurríki (nr. 2)*, nr. 21277/05 53. mgr., 4. júní 2009).

(γ) *Aðferðin við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra*

41. Helstu röksemdir kæranda eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi vísar hann til þess að hann hafi birt ummæli sín í góðri trú og á grunvelli greinar sem áður hafði birst í dagblaðinu DV. Í öðru lagi vísar hann til þess að hann hafi ekki haft neina ástæðu til þess að ætla að upplýsingarnar væru rangar. Krafa um skýlaugar sannanir hafi sett honum ósanngjarnt og óvinnandi verk (sjá 24. mgr. hér að framan). Að því er þetta atriði varðar taldi héraðsdómur að kærandi hefði ekki getað fært sönnur á fyrri hluta ummælanna („*Mér er kunnugt um, að einhverjir stjórnamenn LÍÚ vita ekki af stuðningnum við fugladritið á AMX enda munu greiðslurnar vera vel dulbúnar í reikningum samtakanna.*“) og að hann hefði ekki sýnt fram á að síðari hluti ummælanna („*Því hefur verið haldið fram við mig að mögulega viti enginn í stjórn LÍÚ um milljóna stuðning samtakanna við nafnlaus niðskrif á [vefsíðu B] – að framkvæmdastjórinn hafi einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti.*“) væri sannur, en á því bæri hann sönnunarbyrði.

42. Dómstóllinn ítrekar að verndin sem 10. gr. [mannréttindasáttmálans] veitir fréttamönnum varðandi fréttaflokkning um efni sem á erindi við almenning er háð því skilyrði að þeir starfi í góðri trú og byggji á traustum staðreyndagrundi og veiti „áreiðanlegar og nákvæmar“ upplýsingar í samræmi við siðareglur fréttamennsku (sjá t.d. *Bédat gegn Sviss* [GC], nr. 56925/08, 58. mgr., ECHR 2016). Að mati dómstólsins voru engar sérstakar forsendur til þess í þessu máli að leysa fjölmiðla undan þeirri almennu skyldu þeirra að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir, sem eru ærumeiðandi (sjá m.a. málið *Eiðsdóttir gegn Íslandi*, nr. 46443/09, 71. mgr., 10. júlí 2012).

43. Að því er varðar fyrstu röksemd kæranda veitir dómstóllinn því athygli að þótt efni deilumálsins, þ.e. stuðningur LÍÚ við vefsíðu B, sem var umfjöllunarefnið í grein kæranda, hafi verið tekið til umfjöllunar í DV, sem út kom ári áður, voru ummæli hans, sem beindust að meintu misferli A, eigin frekari úrvinnsla hans á því efni sem um ræðir. Ennfremur, eins og segir í niðurstöðu héraðsdóms, færði kærandi engar sönnur fyrir fullyrðingunum um staðreyndir, né sýndi hann fram á að þær byggðu á traustum og áreiðanlegum staðreyndagrundi. Sú staðreynd að kærandi taldi að ekki hefði verið unnt að fá staðfestingu á fullyrðingum sínum veikir ekki þann fullnægjandi grunn sem héraðsdómur byggði það mat sitt að í hinum umdeildu ummælum fælist „aðdróttun um umboðssvik og vanrækslu í starfi“ og þau væru þannig meiðandi. Það er því niðurstaða dómstólsins að með því að birta fullyrðingu sína án þess að fá staðfestingu á sannleiksgildi hennar hefði kærandi ekki starfað í góðri trú og í samræmi við reglur um ábyrga blaðamennsku (sjá t.d. *Thoma gegn Lúxemborg*, nr. 38432/97, 62. og 64. mgr., ECHR 2001-III, *Kulis gegn Póllandi*, nr. 15601/02, 38. mgr., 18. mars 2008 og *Bédat gegn Sviss*, sjá tilvísun hér að framan, 50. mgr.).

(ð) *Efni, framsetning og afleiðingar hinna umdeildu ummæla*

44. Af hálfu kæranda er á því byggt að ummælin fælu í sér gildisdóma en ekki fullyrðingar um staðreyndir. Í ummælum hans hefði ekki verið gefinn í skyn neinn óheiðarleiki af hálfu A, né heldur hefði verið dróttað að saknæmri háttsemi á nokkurn hátt, né heldur væri unnt að túlka þau á þann veg. Um þetta atriði var héraðsdómur ósammála kæranda og var niðurstaða dómsins að með ummælunum væri gefið í skyn að A „[léti viðgangast] að beitt sé bókhaldsblekkingum“ og að í þeim fælust „aðdróttun um umboðssvik og vanrækslu í starfi“ (sjá 15. mgr. hér að framan).

45. Þegar umrædd ummæli eru metin í heild og í samhengi telur dómstóllinn að ekki séu forsendur til þess að draga í efa niðurstöðu héraðsdóms um eðli og umfang ummælanna, sem mat var lagt á innan þess svigrúms sem hinn landsbundni dómur hafði til mats á málsatvikum. Dómstóllinn veitir því athygli að héraðsdómur tók skýrt fram að við mat á því hvort ummæli væru meiðandi yrði ekki byggt á því hvernig ummælin

horfðu við kæranda heldur hvernig ætla mætti að lesendur ummælanna skynjuðu þau og túlkuðu.

(e) Þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð voru

46. Dómstóllinn veitir því athygli að meiðyrðamálinu, sem A höfðaði gegn kæranda, lauk með dómsorði héraðsdóms þar sem hin umdeildu ummæli voru ómerkt og kæranda var gert að greiða A 300.000 krónur (u.þ.b. 2.500 evrur) í miskabætur með vísan til skaðabótalaga, auk vaxta, og 450.000 krónur (u.þ.b. 3.750 evrur) vegna málskostnaðar A í héraði.

47. Að mati dómstólsins geta þessi viðurlög ekki talist óhófleg miðað við málavexti eða af þeim toga að þau hafi „kæfandi áhrif“ á frelsi fjölmiðla (sjá m.a. *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörk* [GC], nr. 49017/99, 93. mgr., ECHR 2004-XI, með frekari tilvísunum).

(f) Niðurstaða

48. Að öllu því virtu sem hér að framan greinir telur dómstóllinn að héraðsdómur hafi með fullnægjandi hætti vegið réttinn til tjáningarfrelsis á móti réttinum til friðhelgi einkalífs og tekið mið af þeim viðmiðum sem fram eru sett í fordæmum dómstólsins. Dómstóllinn ítrekar að þótt skoðanir kunni að vera skiptar um niðurstöðu dóms „þegar viðleitni landsyfirvalda til þess að leita jafnvægis milli þessara tveggja réttinda hefur farið fram í samræmi við viðmiðanir sem fram koma í dómum mannréttindadómstólsins þyrfti dómstóllinn að hafa ríka ástæðu til þess að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða innlendra dómstóla“ (sjá 35. mgr. hér að framan). Þannig fór rétturinn ekki út fyrir það svigrúm til mats sem honum bar og gætti hann eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til, þ.e. að að skerða tjáningarfrelsi kæranda, og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

49. Í ljósi þessa er það niðurstaða dómstólsins að ekki hafi verið brotið gegn 10. gr. mannréttinasáttmálans.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran sé tæk til meðferðar.
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. mannréttinasáttmálans.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 13. júní 2017 skv. 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Hasan Bakırcı
Aðstoðarritari

Julia Laffranque
Forseti